

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030,
ákvæði um starfsemi innan landnotkunarsvæða.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 17. október 2014 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í borgarráði 18. september 2014. Niðurstaða borgarráðs var auglýst 2. október 2014.

Breytingin felst í að skýra túlkun ákvæða um starfsemi spilasala, veitingahúsa, gististaða og matvöruverslana innan landnotkunarsvæða, sbr. töflur 1-4 á bls. 206-209 í greinargerð aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Bætt er við greinargerð að ákvæðin sé ekki afturvirk og því mögulegt að endurnýja leyfi um starfsemi sem var til staðar fyrir gildistöku aðalskipulagsins, enda sé um óbreytta starfsemi að ræða í sama húsnaði og áður. Þetta á þó ekki við á svæðum þar sem tekið er skýrt fram í almennri skilgreiningu landnotkunar að viðkomandi starfsemi skuli vera víkjandi.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 17. október 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2014